




Mars 2021

HVATARBLADIÐ



498. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 3. febrúar kl. 13:00 - 16:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarni Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 25. fundar fjallskilaneftar, 15. desember 2020.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 210. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,
27. janúar 2021.

Mál nr. 14, 15, 16 og 20 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 210. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dagsett 27. janúar 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu
sveitarstjórnar;

**Mál nr. 14: 2101044 - Mosfellsheiði innan Grímsnes- og
Grafningshrepps; Vindorka; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Zephyr Iceland ehf. er varðar breytingu á
aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Í breytingunni felst
skilgreining iðnaðarsvæðis á Mosfellsheiði fyrir vindorkugarð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til heildar
endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps sem nú
stendur yfir.

**Mál nr. 15: 2101030 - Grímkelsstaðir 21(L170864); umsókn um
byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging.**

Fyrir liggur umsókn Guðrúnar Stefánsdóttur fyrir hönd Halldórs
Harðarsonar og Þuríðar Einarssdóttur, móttækin 14. janúar 2021 um
byggingarleyfi til að byggja 14,8 m² gróðurstofu við sumarbústað ásamt
12,8 m² úpphíttuðum kjallara á sumarbústaðalandinu Grímkelsstaðir 21
(L170864) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaði
eftir stækkun verður 79,4 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli
44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu

grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.
Mál nr. 16: 2101054 - Kerið; Hverfisverndarsvæði H1; Göngustígar og pallar; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Kerfélaginu ehf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Í breytingunni felst breyting á ákvæðum hverfisverndar H1 sem tekur til Kersins í Grímsnesi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til heildar endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps sem nú stendur yfir.

Mál nr. 20: 2011002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-135.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar 2021.

c) Fundargerð 209. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 15. janúar 2021.

Mál nr. 3 a) Þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 209. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dagsett 15. janúar 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Mál nr. 3 a): Tillaga að samþykkt um vatnsvernd verði send sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til kynningar og umræðu.

Drög að samþykkt verða send sveitarstjórnunum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða drög að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

d) Fundargerð 198. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 22. janúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 566. fundar stjórnar SASS, 15. janúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Minnisblað og starfslýsing vegna verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags.

Fyrir liggur minnisblað frá Ástu Stefánsdóttur sveitarstjóra Bláskógabyggðar, dags. 21. janúar 2021, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess að halda áfram samstarfi um verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags. Samþykki hlutaðeigandi sveitarfélög að halda samstarfinu áfram er lagt til að starfið verði auglýst og gerður ótímabundinn ráðningarsamningur, en einnig er lagt til að tímabundinn ráðningarsamningur verði framlengdur á meðan starfið er auglýst og gengið frá ráðningu. Jafnframt er lögð fram starfslýsing vegna starfsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða starfslýsinguna og áframhaldandi þátttöku í samstarfi um verkefnastjóra miðað við framlagðar forsendur.

3. Úrskurður nr. 120/2020 frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 120/2020 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. október 2020 um að leggja til að óveruleg breyting yrði unnin á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Norðurkots vegna lóðarinnar Neðan-Sogsvegar 4.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Lagt fram til kynningar.

4. Úrskurður nr. 130/2020 frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 130/2020 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. nóvember 2020 um að synja beiðni um breytingu Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna lóðarinnar Kerhraun C 103/104.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Lagt fram til kynningar.

5. Skipulagsmál - 1709092 - Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1; Landbúnaðarsvæði með lögbýlisrétti; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram að nýju tillaga að breyttu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Áður hefur tillaga verið kynnt. Athugasemd barst á kynningartíma. Í tillögunni felst breyting á landnotkun stakrar lóðar í jaðri frístundasvæði F51a. Svæðið breytist úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Fyrirliggjandi svæði er óbyggt og liggur að landbúnaðarlandi. Umfang breytingar hefur minnkað frá áður kynntri lýsingu verkefnisins. Samhliða er unnin breyting á deiliskipulagi. Í athugasemd fólst að upphaflegur málsaðili málsins gerði athugasemd við að stök lóð væri tekin út fyrir með aðalskipulagsbreytingu og óskað er eftir því að lóð Heiðarbrúnar 4 verði innan viðkomandi breytingar einnig.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til heildarendurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps sem nú stendur yfir.

6. Minnisblað frá Berki Brynjarssyni vegna útboðs á sorphirðu 2021-2025.

Fyrir liggur minnisblað frá Berki Brynjarssyni vegna sameiginlegs útboðs Uppsveita Árnessýslu á sorphirðu. Fyrir liggur að ákveða þarf hvort bjóða skuli út sameiginlega eða í sitthvoru lagi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Grímsnes- og Grafningshreppur muni verða með sjálfstætt útboð á sorphirðu en samræmi áherslur við hin sveitarfélögin í útboði.

7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXXVI. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 26. janúar

2021 þar sem tilkynnt er að XXXVI. landsþing Sambandsins verði haldið þann 26. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík ef aðstæður leyfa, en að öðrum kosti rafrænt þann sama dag.

8. Umsögn Vegagerðarinnar vegna vegtengingar að Stóru-Borg lóð 13 (L218057).

Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar vegna vegtengingar að Stóru-Borg lóð 13 (L218057) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gert er ráð fyrir aðkomu af Biskupstungnabraut (35-03).

Lagt fram til kynningar.

9. Stöðuskýrsla nr. 10 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Mariu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. janúar 2021, þar sem kynnt er 10. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

10. Íbúaskrá Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. desember 2020.

Fyrir liggur íbúaskrá Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. desember 2020 frá Þjóðskrá Íslands. Samkvæmt íbúaskránni var íbúafjöldi sveitarfélagsins 497 þann 1. desember 2020.

Lagt fram til kynningar.

11. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framkominni stefnu Umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Sveitarstjórn gerir þó athugasemdir við að í stefnunni sé ekki tekið tillit til þeirra sveitarfélaga þar sem frístundahús eru stór hluti af fasteignum. Taka verður tillit til þess að notkun slíkra húsa er ólík notkun íbúðarhúsa, og er þar af leiðandi hætt við því að erfiðara verði að uppfylla töluleg markmið. Rannsóknir sýna að flokkun er best ef hún er innan lóðar viðkomandi fasteignar, en almennt er ekki boðið upp á slíka þjónustu í frístundahúsaahverfum. Þess í stað er stuðst við grenndarstöðvar eða gámasvæði, sem skila lakari flokkun heldur en flokkun innan lóðar, og flækja umtalsvert innheimtu gjalds miðað við notkun. Skoða þarf einnig tillöguna um innheimtu gjalds sem næst raunkostnaði út frá ofangreindum sjónarmiðum. Þrátt fyrir að sveitarstjórn sé fylgjandi þeirri stefnu að „þeir borgi sem hendi“ verður útfærsla á slíkri stefnubreytingu að liggja fyrir áður en hún verður fest í lög.

12. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru skráðir um 500 íbúar og tæplega 3000 frístundahús, sem reikna má með að hendi úrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur undanfarin ár unnið ötullega að aukinni flokkun fyrir íbúa og frístundahús í sveitarfélaginu, meðal annars með því að setja á laggirnar grenndarstöðvar víða í sveitarfélaginu þar sem boðið er upp á ítarlega flokkun á heimilisúrgangi.

Í 14. grein segir „Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um heimilisúrgang og lífrænan úrgang sé náð á þeirra svæði“.

Í 16. grein segir „Skyllt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila“. Sveitarstjórn gerir miklar athugasemdir við að í frumvarpinu sé ekki tekið tillit til þeirra sveitarfélaga þar sem frístundahús eru stór hluti af fasteignum. Taka verður tillit til þess að notkun slíkra húsa er ólík notkun íbúðarhúsa, og er þar af leiðandi hætt við því að erfiðara verði að uppfylla töluleg markmið. Rannsóknir sýna að flokkun er best ef hún er innan lóðar viðkomandi fasteignar, en almennt er ekki boðið upp á slíka þjónustu í frístundahúsaahverfum. Þess í stað er stuðst við grenndarstöðvar eða gámasvæði, sem skila lakari flokkun heldur en flokkun innan lóðar, og flækja umtalsvert innheimtu gjalds miðað við notkun. Skoða þarf einnig tillöguna um innheimtu gjalds sem næst raunkostnaði út frá ofangreindum sjónarmiðum. Þrátt fyrir að sveitarstjórn sé fylgjandi þeirri stefnu að „þeir borgi sem hendi“ verður útfærsla á slíkri stefnubreytingu að liggja fyrir áður en hún verður fest í lög. Jafnframt gerir sveitarstjórn athugasemd við að í frumvarpinu sé lagt til að breyting á innheimtu gjalds eigi sér stað á miðju ári.

Í greinagerðinni með drögnum að breytingu á lögnum er farið yfir mat á áhrifum á hverri grein og þar er talað um að ráðuneytið ráðgeri að setja af stað vinnu við gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um möguleika við útfærslu á breyttri innheimtu í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vill hér með bjóða fram fulltrúa frá sveitarfélaginu í þessa vinnu og telur að þar sem stærsta frístundabyggð landsins sé í sveitarfélaginu sé fulltrúi sveitarfélagsins vel til þess fallinn að koma með punkta inn í þessa umræðu.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar, 125. mál.

Lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst gegn framkominni tillögu þar sem hún muni verða íþyngjandi fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Afgreiðslu málsins frestað.

16. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.

Lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku).

Lagt fram til kynningar.

18. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

19. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

20. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl.), 375. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.



499. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 17. febrúar kl. 13:00 - 16:10 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 89. fundar fræðslunefndar, 26. janúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 211. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. febrúar 2021.

Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 26 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 211. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 10. febrúar 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 16: 2101063 - Kiðjaberg lóðir 108, 109, 110, 111; Leiðrétting; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Kiðjabergsfélaginu er varðar beiðni um leiðréttingu á deiliskipulagi Kiðjabergs. Í leiðréttingunni felst breyting á deiliskipulagi. Í henni felst að stærðir lóða 108, 109, 110 og 111 eru leiðréttaðar í takt við þinglýst skjöl og núverandi kvaðir deiliskipulags. Samhliða er byggingarreitur á lóð 110 stækkaður í takt við umsókn þess efnis sem barst frá lóðarhafa og hefur verið grenndarkynnt. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu sem snúa m.a. að framlagðri breytingu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt hlutaðeigandi lóðarhöfum sem breytingin tekur til.

Mál nr. 17: 2101071 - Arnarbæli 1c L228405; Byggingareitur; Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Kristínu Magnúsdóttir er varðar deiliskipulag á lóð Arnarbælis 1c í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 2.700 fm byggingarreit þar sem heimilað verður að byggja allt að 200 fm íbúðarhús og 100 fm skemmu/geymslu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 18: 2101072 - Kiðjaberg L227823; Hlíð 27; Færsla lóðar fast að 28; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Kiðjaberg ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi að Kiðjabergi. Innan umsóknar er tiltekið að í breytingunni felist að lóð 27 er færð fast upp að lóð 28 og að stærð lóðar 27 breytist og verði 5000 fm að breytingu lokinni. Stærð lóðar 28 breytist í samræmi við breytta stærð lóðar 27 og verður 11.500 fm að breytingu lokinni. Breyting er varðar færslu lóðarinnar hefur tekið gildi og tekur því umrædd breyting eingöngu til breyttra stærða á lóðum..

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu nágrönnum.

Mál nr. 19: 2101018 - Villingavatn L170952; Umsókn um byggingarleyfi; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn frá Ólöfu H. Bjarnadóttir og Stefáni Kristjánssyni er varðar endurbyggingu sumarhúss á lóð L170952 við Villingavatn. Ætlunin er að reisa nýtt hús um 120 fm að stærð í stað eldri húsa á lóðinni. Lagt fyrir skipulagsnefnd og óskað eftir mati á því hvort einhverjir sjáanlegir annmarkar geti verið á útgáfu bygginguleyfis á svæðinu að mati nefndarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugað byggingarmagn.

Mál nr. 20: 2101029 - Bjarnastaðir I L189338; Bjarnastaðir lóð 1; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn frá Ólafi Einarssyni er varðar stofnun 4,8 ha. lóðar úr landi Bjarnastaða I L189338.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn og samþykki Vegagerðarinnar vegna aðkomu. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrrgreindum fyrirvörum.

Mál nr. 21: 2102022 - Stóra-Borg lóð 13 L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Í breytingunni felst að Stóra-Borg lóð 13 verði skilgreind í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustulóð. Um leið er óskað eftir heimild fyrir deiliskipulagsgerð innan svæðisins. Til stendur að setja upp gistihús/kúluþjöld og leigja þau ferðamönnum. Einnig verði byggð upp víðeigandi þjónusta innan svæðisins.

Málið hefur fengið jákvæða umsögn sveitarstjórnar á fyrri stigum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til heildarendurskoðunar aðalskipulags sem nú stendur yfir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við vinnslu deiliskipulags fyrir svæðið.

Mál nr. 26: 2101004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-136.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar 2021.

c) **Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnespingi (NOS), 4. febrúar 2021.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) **Fundargerð 10. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22, 9. febrúar 2021.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) **Fundargerð 26. fundar Bergrisans, 26. janúar 2021.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) **Fundargerð 299. fundar Sorpstöðvar Suðurlands, 24. janúar 2021.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) **Fundargerð 893. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 16. desember 2020.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) **Fundargerð 894. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29. janúar 2021**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Innkaupareglur og innkaupastefna Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggja drög að innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög með áorðnum breytingum.

3. Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggja drög að viðmiðunarreglum um snjómokstur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög að viðmiðunarreglum um snjómokstur.

4. Erindi frá ungmennaráði Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur bréf frá ungmennaráði Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 4. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið greiði fyrir dagskort í skíðalyftur í Bláfjöllum fyrir alla íbúa sveitarfélagsins í tengslum við fyrirhugaða skíðaferð í vetrarfríi skólans. Til vara er óskað eftir því að niðurgreiðslan nái til barna á aldrinum 6-18 ára í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita börnum og ungmönnum 6-18 ára með lögheimili í sveitarfélaginu frítt lyftukort á tímabilinu 20. febrúar til og með 14. mars 2021.

5. Skipulagsmál - 2011022 - Sólheimar, byggðahverfi; 2020-2025; Deiliskipulag.

Lögð er fram að nýju umsókn frá Sólheimum ses. varðandi heildarendurskoðun deiliskipulags að Sólheimum. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 2. desember 2020 og er nú tekið fyrir að nýju. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Erindi til sveitarstjórnar frá Magnúsi Ingberg Jónssyni vegna Lyngdals (L168232).

Lagt fram að nýju erindi frá Magnúsi Ingberg Jónssyni, dagsett 28. desember 2020, þar sem óskað er eftir tilboði frá sveitarfélaginu í jörðina Lyngdal (L168232). Fyrir liggur minnisblað Smára Bergmann Kolbeinssonar frá fundi hans með Magnúsi þann 10. febrúar síðastliðinn þar sem kemur fram að landið sé til sölu fyrir 120 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna kaupum á jörðinni Lyngdal á þessum kjörum. Ingibjörg Harðardóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

7. Tilkynning um kæru 13/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 13/2021 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að setja þann fyrirvara við samþykki skiptingu jarðarinnar Foss í Grímsnes- og Grafningshreppi að samþykki aðliggjandi landeigenda liggja fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða svar skipulagsfulltrúa við kærinni.

8. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga, dagsett 8. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins fyrir aðalfund sjóðsins sem áformað er að halda þann 26. mars næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Aðalfundur Samorku 2021.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdastjóra Samorku, dagsett 9. febrúar 2021, um að aðalfundur Samorku verði haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35 og í fjarfundi miðvikudaginn 10. mars 2021. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

10. „Fjármálastjórnun sveitarfélaga“ – Lokaverkefni Gunnlaugs A. Júlíussonar til MS-gráðu í viðskiptafræði.

Fyrir liggur lokaverkefni Gunnlaugs A. Júlíussonar til MS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, „Fjármálastjórnun sveitarfélaga“. Sveitarstjórn þakkar fyrir sendinguna. Lagt fram til kynningar.

11. Félagsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 39/2021, frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.).

Fyrir liggur að birt er til samráðs frá félagsmálaráðuneytinu mál nr. 39/2021, frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.). Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál. Frumvarpið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst alfarið gegn ákvæði frumvarpsins um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir þeirri tölu sem nefnd er í frumvarpinu sem lágmarksíbúafjöldi, né útskýrt að hvaða leyti sú íbúatala á að hjálpa sveitarfélögum við að ná markmiðum um sjálfbærni og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sveitarstjórn telur jafnframt að lögbætur af þessu tagi sé ekki í samræmi við það lýðræði og sjálfsstjórnarrétt sem fjallað er um í greinargerð frumvarpsins. Frumvarpið nær ekki að styðja við markmið um eflingu sveitarfélagastigsins að ráði, en getur þvert á móti leitt til veikingar byggða á ákveðnum svæðum. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræðislegan rétt íbúa til að eiga val um það með kosningarétti sínum hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið góður valkostur, en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra.

Sveitarstjórn setur stórt spurningarmerki við lögmæti frumvarpsins og vísar sérstaklega til 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. bréf Óskars Sigurðssonar hrl. frá 17. febrúar 2021 með athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur eindregið til að samþykkt verði tillaga starfshóps minni sveitarfélaga, þar sem lagt er til að fallið verði frá íbúalágmarki og sveitarstjórnnum og íbúum í sjálfvald sett að ákveða hvort þörf eða forsendur séu til sameiningar. Sveitarstjórn telur að það muni leiða til farsælli þróunar sveitarfélaga en tillagan um íbúalágmark.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur), 478. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur), 478. mál. Frumvarpið lagt fram til kynningar.







Fréttamenn 1. bekkjar

Úlfar eru mjög sætir, sérstaklega ylfingarnir. Maður má klappa ylfingunum, þeir eru ekki hættulegir. Fannar (pabbi Úlfs blaðamanns) hefur klappað stórum úlfum, mjög hratt, en var ekki bitinn.

Úlfar geta bitið refi, hesta, litla og stóra hunda, ketti, kanínur og dánar risaeðlur. Þeir borða líka þessi dýr. Allir úlfar eru mjög svangir og borða önnur dýr og kalla. Ekki pabba Úlfs (blaðamanns) samt. Úlfar heyra í kaninum og borða þær þá. Ísbirnir geta rústað úlfum, en úlfar borða ísbirni.

Ekki allir úlfar eru eins. Sumir líkjast refum og eru appelsínugulir á litinn. Síðan eru til snjóúlfar sem eru hvítir og þeir berjast við svarta úlfa. Úlfar berjast stundum við hvern annan.

Fólk getur breytt sér í úlfa, varúlfa, í ævintýrum. Úlfar gera „aaaaaaúúúú“ fyrir tunglið.

Fréttamenn: Úlfur Myrkvi Fannarsson og Alex-Cristian Nastase



Fréttamenn 1. bekkjar



Vinirnir skoða hundabók saman



Lögreglan sló í gegn hjá Frístundaklúbbnum

Lögreglumennirnir Þórunn Þrastardóttir og Árni Guðmundsson frá Lögreglunni á Suðurlandi heimsóttu Frístundaklúbbinn á Borg miðvikudaginn 3. febrúar. Í klúbbnum eru 12 nemendur í 5. til 7. bekk Kerhólsskóla.

Lögreglumennirnir byrjuðu á því að segja frá sjálfum sér og kynna lauslega störf lögreglunnar. Allir unglingarnir voru síðan búnir að búa til eina spurningu, sem þeir spurðu lögreglumennina út í og fengu þeir greið og góð svör til baka. Heimsóknin tókst einstaklega vel enda má segja að lögreglumennirnir hafi slegið í gegn í heimsókn sinni.

Í lok hennar tóku þau Árni Ingólfsson og Karólína Waagfjörð Björnsdóttir úr klúbbnum viðtal við Þórunni og Árna, sem verður notað í fréttánnál klúbbsins, sem verður gefinn út í vor.

MHH



Krakkarnir í Frístund fengu mynd af sér með Þórunni og Árna á sviðinu á Borg áður en þau heimsóttu unglingana í Frístund.



Þórunn og Árni með krökkunum í Frístundaklúbbnum, sem þóttu mikið til koma að fá lögregluna í heimsókn til sín.



Mikil ánægja var með heimsókn lögreglunnar til Frístundaklúbbsins en krökkunum þótti skemmtilegast að fá að skoða lögreglubílinn og að sjá þegar bláu ljósin og sírenurnar voru settar á.

UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



ATH!! BREYTT DAGSKRÁ 2021 ATH!!

26. MARS	FJÓRGANGUR
16. APRÍL	FIMMGANGUR
30. APRÍL	TÖLT & SKEIÐ

 Endilega fylgist með fréttum og tilkynningum á facebooksíðu Uppsveitadeildarinnar.

 Sýnir beint frá keppniskvöldunum í vetur.

Nýir og glæsilegir skápar í búningsklefunum

Nýir og glæsilegir skápar hafa verið settir upp í búningsklefum sundlaugarinnar á Borg. Skáparnir eru alls 112, eða 56 í sitt hvorum klefanum. Lykla þarf til að opna skápana. Mikil ánægja hjá starfsfólki og gestum laugarinnar með skápana, sem voru keyptir frá Póllandi. Búningsklefarnir hafa líka verið flísalagðir upp á nýtt og nýjum speglum komið fyrir, auk þess sem þeir voru málaðir í sumar.




MHH

Komdu með!



*Göngum mót
hækkandi sól*

ÞÆGILEGAR GÖNGULEIÐIR VIÐ ALLRA HÆFI ÞAR SEM HVER OG EINN
GETUR RÁÐIÐ HRAÐA OG TÍMALENGD Í NÆRUMHVERFI Í OG VIÐ BORGARSVÆÐIÐ
FARIÐ VERÐUR FRÁ ÍÐRÓTTAHÚSINU KL 16.15 Á ÞRIÐJUDÖGUM FYRSTA
GANGAN ER 2. FEBRÚAR 2021
ALLIR VELKOMNIR
MUNUM AÐ KLÆÐA OKKUR EFTIR VEÐRI.
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR, VIRÐUM TVO METRANA OG ALLAR
SÓTTVARNAREGLUR
KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

**ÖRYGGISNÚMER Á ÖLL
SUMARHÚS Á ÍSLANDI**

PÖNTNUNARSÍMAR 581 3200

**Hægt er líka að leggja inn pöntun
á sveinn@sumarhus.is
með nafni, kennitölu og síma.**



Landssamband sumarhúsaeygenda hefur haft forgöngu um að koma á
öryggismerkingum á öll sumarhús í landinu frá árinu 2002.

Þetta verkefni er unnið í dag í samvinnu við
Neyðarlínuna og Þjóðskrá Íslands.

Tilgangur verkefnisins er að auka öryggi sumarhúsaeygenda. Algengt er
að í neyðartilvikum fari björgunaraðilar villur vegna ónákvæmra
upplýsinga um slysstað. Öryggisnúmer á sumarhús geta komið í veg fyrir
að mikilvægur tími björgunarliðs fari til spillis í neyðartilvikum. Ennfremur
geta þriðju aðilar með einföldum hætti látið vita ef vá steðjar að og látið
Neyðarlínuna vita ef eigandi sumarhússins er ekki viðstaddur þannig
hægt sé að hafa samband við eiganda sumarhússins.

Allir sumarhúsaeygendur sem ákveða að fara inn í þetta öryggiskerfi
munu fá tvö skilti til að merkja húsið,
innan og að utan.

Stærð skiltanna er 30 x 10 sentimetrar utanhúss og 15 x 5 sentimetrar
innanhúss.

Leiðbeiningar um uppsetningu mun fylgja skiltunum.



Yoga

Vilt þú hlúa að líkama þínum og sál?

Ef svo, þá er jóga kannski eitthvað fyrir þig.

Jóгатímar verða í íþróttahúsinu á Borg í Grímsnesi

Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30-18:30

Ekki þarf að skrá sig, heldur eru tímarnir öllum opnir, jafnt byrjendum sem þeim sem stundað hafa jóga áður, en hámarksfjöldi í sal miðast við 20 manns.

Vegna Covid ástandsins er æskilegt að hver og einn mæti með sína jógaðýnu og teppi fyrir slökunina.

Ef einhvern vantar dýnu verða aukadýnur á staðnum.

Hver tími kostar kr. 1.000, en ef tveir mæta úr sömu fjölskyldu er 50% afsláttur fyrir annan aðilann.

Frekari upplýsingar veitir Kristín í síma: 8668696
eftir kl. 16:00

eða á netfangið kristinalbertsdottir@gmail.com

Með kærleikskveðju,
Kristín B. Albertsdóttir
jógakennari



Nudd og Heilsustofan á
Laugarvatni býður uppá;
Jákvæð sálfræði (therapy)
Markþjálfun, Heilsunudd,
Meðgöngunudd,
Svæðameðferð.
Auktu vellíðan þína og
styrkleika, á þessum
viðkvæmum tímum.
Hjartanlega velkomin.
Katrín Erla S. 862-4809

Afhending inneignarkorta fyrir Gámastöðina Seyðishólum

Allir fasteignaeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem greiða sorpeyðingargjöld fá afhent inneignarkort.

Það er engin krafa um að það verði að sækja kortin fyrir ákveðinn tíma en inneignarkortin verða afhent þar til allir fasteignaeigendur hafa nálgast sitt kort.

Inneignarkortin eru afhent á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma og er hann sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga milli kl. 9:00 og 15:00

Föstudaga milli kl. 9:00 og 12:00

Einnig verður skrifstofan opin eftirtaldir helgar til afhendingar inneignarkortanna.

Laugardaginn 27. mars, milli kl. 10:00 og 16:00

Sunnudaginn 28. mars, milli kl. 10:00 og 16:00

Laugardaginn 3. apríl, milli kl. 10:00 og 16:00

Laugardaginn 24. apríl, milli kl. 10:00 og 16:00

Sunnudaginn 25. apríl, milli kl. 10:00 og 16:00

Vert er að benda á að grímuskylda verður við afhendingu inneignarkortanna og biðjum við alla um að vera með grímur þegar nálgast á inneignarkortin.

Vinsamlega athugið að hver fasteignaeigandi verður að nálgast inneignarkort fyrir sína fasteign en viðkomandi þarf að kvitta fyrir móttöku á kortinu og því verður ekki hægt að senda inneignarkortin í bréfpósti til fasteignaeigenda. Það er hægt að koma með undirritað umboð frá öðrum fasteignaeigendum en það verður að vera klárt við komuna á staðinn.

Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að nálgast skjal sem þarf að fylla út og kvitta á til að fá inneignarkortið afhent en hægt er að flýta fyrir afhendingu með því að koma með skjalið útfyllt. Annars verða líka blöð á staðnum sem hægt verður að fylla út.

Kortið virkar þannig að þegar komið er á gámasvæðið er inneignarkortið skannað og starfsmaður á gámasvæðinu tekur út af kortinu í samræmi við það magn af gjaldskyldum úrgangi sem verið er að losa sig við. Undir gjaldskyldan úrgang flokkast timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Inneignarkortið inniheldur ákveðið magn punkta en hver punktur er 0,25 rúmmetrar. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs en miðað er við að 0,25 rúmmetrar sé ígildi eins svarts ruslapoka. Þegar inneignin klárast þá er innheimt samkvæmt gjaldskrá en gjald pr. rúmmetra er kr. 6.000,-.

Inneignin á kortinu árið 2021 er:

-Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli fá:
4,5 m³ = 18 punkta

-Íbúðarhús og lögbýli fá: 10 m³ = 40 punkta

-Fyrirtæki fá: 10 m³ = 40 punkta



Ótrúlega duglegar stelpur

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Kerhólsskóla fékk skemmtilega heimsókn á heimilið sitt sunnudaginn 21. febrúar þegar þær Guðbjörg (t.v.) og Tinna bönkuðu upp á til að sýna henni afrakstur dagsins en þennan dag höfðu þær farið um allt Borgarsvæðið og týnt rusl í poka. Þetta eru greinilega duglegar stelpur, sem eru meðvitaðar um umhverfismálin og annst um umhverfi sitt. Jóna Björg smellti að sjálfsögðu mynd af þeim um leið og hún hrósaði þeim fyrir framtakið.

AÐ GEFNU TILFNI KÆRU HUNDAEIGENDUR!



**ÞAÐ HEFUR MIKIÐ BORIÐ Á ÞVÍ NÚNA
UNDANFARIÐ HÉR Á BORGARSVÆÐINU AÐ
EIGENDUR HUNDA HREINSA EKKI UPP EFTIR ÞÁ
SKÍTINN, SÉRSTAKLEGA HEFUR ÞETTA VERIÐ
ÁBERANDI MIKIÐ Á SKÓLALÓÐINNI : (**

**EIGENDUR HUNDA ERU ÁBYRGIR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞRÍFA UPP
EFTIR HUNDANA SÍNA, Á ÞAÐ JAFNT VIÐ Á OPNUM SVÆÐUM
SEM OG Á GANGSTÉTTUM OG GÖTUM.**

SVEITARSTJÓRI



Kæru eldri borgarar

Mötuneyti Kerhólsskóla opnar aftur

1. mars 2021

Matur er kl: 12:30

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

Leikfélagið Borg sýnir 39 Prep



Leikstjóri: Halbór Agnar Unnarsson

Félagsheimilinu Borg Kl 20:00

Frumskýning laugardaginn 6. mars

2. sýning föstudaginn 12. mars

3. sýning laugardaginn 13. mars

4. sýning föstudaginn 19. mars

5. sýning laugardaginn 20. mars

6. sýning föstudaginn 26. mars

7. sýning laugardaginn 27. Mars



Byggt á kvikmynd Alfred Hitchcock
eftir samnefndri skáldsögu John Buchan.
Leikgerð Patrick Barlow er byggð á
hugmynd Simon Corble og Nobby Dimon
Íslensk þýðing: Eyvindur Karlsson



Miðapantanir í síma 792-2757
Miðaverð 3000.- og 1500.- 12 ára og yngri



Bókasafn Grímsnes og Grafningshrepps

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:15	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
8:55	1. b.	Músahópur	Kisuhópur	Hundahópur	1. b.
9:55	Opið	5.-6. b.	5.-6. b.	Opið	2.-4. b.
10:35	Opið	5.-6. b.	5.-6. b.	Opið	2.-4. b.
11:15	Eldri borgarar	Opið	Opið	Eldri borgarar	Opið
12:00	Eldri borgarar	Lokað	Lokað	Eldri borgarar	
12:30 til 14:10		2.-4. b.	Opið	Opið	Lestur er 
14:30 til 15:30		Lokað	Opið	Lokað	
15:30 til 16:30		Opið	Opið	Opið	


Við viljum sérstaklega benda eldri borgurum á opnunartímann fyrir þá á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 11:15 til 12:30

Einnig viljum við sérstaklega hvetja foreldra bæði leik og grunnskólabarna til að kíkja við á safnið um leið og þau sækja börnin á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum



Ærslabelgur fyrir börnin

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri og Ása Valdís Árnadóttir, oddviti voru gestir hjá Frístundaklúbbnum á Borg miðvikudaginn 24. febrúar. Þar voru krakkarnir búnir að undirbúa sig með spurningar, sem þau lögðu fyrir þær og fengu greið og góð svör á móti. Krakkarnir voru ánægðastir með það þegar þær sögðu frá því að í fjárhagsáætlun þessa árs væru lagfæringar á skólalóðinni og að mögulega kæmi einhverntíma ærslabelgur á Borg. Þá á að byggja við íþróttahúsið glæsilegan líkamsræktarsal. Sveitarstjórinn og oddvitinn voru m.a. spurðar út í hvað væri skemmtilegast við starfið þeirra og hvað leiðinlegast, hvaðan peningarnir koma til sveitarfélagsins, hvað íbúarnir væru margir, hvað væri best við sveitarfélagið, sameiningarmál, fjöldi sumarbústað og svona væri hægt að telja lengi áfram. Á meðfylgjandi myndum er hópurinn annars vegar með þeim Ingibjörgu og Ásu Valdísi og hins vegar mynd af þeim með penna og barmmerki merkt sveitarfélaginu sem þær gáfu krökkunum.



Samtekt og ljósmyndir: Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Leikskólastarfsmenn heiðraðir með „Orðsporinu“

Dagur leikskólans var 6. febrúar en þar sem hann bar upp á laugardag var honum fagnað víða um land fyrir þá helgi. RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna við Háskóla Íslands) efndi til áhugaverðrar netráðstefnu 5. febrúar þar sem menntamálaráðherra tilkynnti um handhafa Orðsporsins 2021. Orðið handhafi er hér í fleirtölu því hvatningarverðlaunin hlaut leikskólastigið í heild sinni; leikskólakennarar, stjórnendur og starfsfólk leikskólanna. Það var mat valnefndar um Orðsporið að leikskólakennarar, stjórnendur og starfsfólk leikskólanna hafi sýnt ótrúlega elju og fagmennsku á tímum COVID-19. Leikskólarnir hafa unnið afar vel úr erfiðum aðstæðum með velferð og nám barna í algjöru fyrirrúmi.

Þrekvirki unnið á leikskólastigi

„Leikskólastigið hefur staðið í ströngu undanfarið ár og mikið hefur mætt á kennurum, stjórnendum og öllu starfsfólki leikskólanna við að halda leikskólastarfi gangandi. Unnið hefur verið algjört þrekvirki á leikskólastiginu og fyrir það ber að þakka. Ég geri mér grein fyrir því að þetta hefur verið á tímum mjög erfitt. Þess vegna vil ég þakka öllum þeim sem starfa á leikskólastiginu fyrir þeirra vinnu. Þið eigið svo sannarlega skilið Orðsporið 2021,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra á morgunfundi RannUng. Af þessu tilefni afhentu Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps og Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Kerhólsskóla starfsfólki skólans viðurkenningarskjal og blómvendi, auk þess að bjóða upp á kökur og kaffiveitingar fimmtudaginn 18. febrúar.

Meðfylgjandi myndir voru teknar við það tækifæri. Annars vegar af Ingibjörgu og Jónu með Emilíu Lilju Gilbertsdóttur, staðgengils deildastjóra með viðurkenningarskjalið og hins vegar af starfsfólki leikskólans með blómin sín og skjalið góða.

Að Orðsporinu standa Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli.



Ljósmyndir og texti: Magnús Hlynur Hreiðarsson.

**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com

Opnunartími:

Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar
www.facebook.com/VersluninMinniBorg
Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

Tún til leigu

Sveitarfélagið Grímsnes– og Grafningshreppur auglýsir til leigu túnin vestan megin við stjórnsýsluhúsið sumarið 2021 með möguleikum á framlengingu um allt að tvö ár.

Túnin eru samtals um 22 hektarar að stærð og verða eingöngu leigð til heyskapa. Önnur notkun er ekki heimil.

Skila þarf inn tilboði í lokuðu umslagi á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir kl. 12 mánudaginn 29. mars 2021. Umslög verða opnuð kl. 12 mánudaginn 29. mars 2021.

Hæsta tilboði verður tekið.



Hjálparsveitin TINTRON

Útköll



4. nóvember - Batur oltinn á Laugarvatni
15. nóvember - Slasaður göngumaður við Stóru Jarlhettu
27. nóvember - Fastur bíll við Sandkluftarvatn
17. desember - Fjárhúsgólf hrunið með um 22. ær.
27. desember - Trampolín að fjúka

Ekkert útkall barst sveitinni í janúarmánuði.

Starf sveitarinnar hefur verið að færast í eðlilegt horf undanfarið með rýmri samkomutakmörkunum.

Í nóvember fengum við í hendurnar nýjan mannskapsbúnað fyrir bátaflokk en gömlu gallarnir voru meira og minna allir lekir. Kerfélagið hafði styrkt okkur fyrir þessum kaupum ásamt því að peningur sem safnaðist í áheita göngu tveggja vinkvenna í haust var eyrnamerkur verkefninu.

Gátum við því fengið búnað fyrir fjóra björgunarmenn en hann er allur gerður fyrir straumvatnsbjörgun og kemur sér vel fyrir bátaflokkinn.

15. nóvember tók sveitin þátt í minningarathöfn til minningar fönarlamba umferðarslysa ásamt öðrum björgum í Árnessýslu.

Tókst athöfnin vel til þrátt fyrir samkomutakmarkanir en hún var haldin á framkvæmdasvæði nýs suðurlandsvegur undir Ingólfsfjalli.

Aðalfundur var haldinn þann 18. nóvember þar sem 10 manns voru staddir í húsi sveitarinnar en aðrir í fjarfundarbúnaði.

Breyting varð á stjórn þar sem gjaldkeri gaf ekki kost á sér áfram og er honum þökkuð vel unnin störf.

Stjórn Hjálparsveitarinnar Tintron telur því eftirtalda aðila :

Jóhannes Þórólfur Guðmundsson - Formaður

Karl Þorkelsson - Varaformaður

Patrik Thor Reynisson - Gjaldkeri

Björn Björnsson - Ritari

Jakob Guðnason - Meðstjórnandi

Jón Þorkell Jóhannsson - Meðstjórnandi

Í desember var farin prufuferð á snjóbil og Tinna 1. upp Miðdalsfjall og er snjóbíllinn að koma mjög vel út með nýja mótornum og eftir yfirferð á aukarafkerfi bílsins.

Sett var upp jólasakraut á ljósastaura og jólatré fyrir sveitarfélagið eins og venja er á Borgarsvæðinu og Biskupstungnabraut.

Tinni 1. fór í upptöku á framdrifi ásamt því að skipt var um legur og fleira í framhásingu.

Hjálparsveitin TINTRON

Þann 30. desember héldu fjórir félagar sveitarinnar til aðstoðar tveggja breyttra bifreiða sem höfðu farið niður um ís á Eyfirðingavegi norðan Sandkluftarvatns.

Var keðjusög notuð til að saga akstursleið í ísinn svo að hægt væri að draga bílana á þurrt án frekara tjóns.

Flugeldasalan var á sínum stað og var salan mjög góð þetta árið enda 2020 klárlega árið til að sprengja burt eftir það sem gengið hefur á undanfarið árið.

Í fyrsta sinn vorum við með netsölu á flugeldum og var hún notuð meira en við þorðum að vona og hjálpaði til við að takmarka langa viðveru viðskiptavina á sölustaðnum okkar.

Í janúar höfum við svo verið að vinna í tækjunum okkar og héldum við vinnudag í húsi sveitarinnar þann 23. janúar.

Tinni 1. er að fá úrhleypibúnað og er sú vinna hafin að koma honum fyrir í bílnum en einnig er hann nú á breytingarverkstæði til að breyta á honum spindil og stífuhalla sem ætti að skila okkur betri bíl í akstri. Skipt var um legur í hjólum á fremra húsi undir snjóbílnum og lánsbelti sett undir hann ásamt því að skipta um oliu á drifum.

Beltin sem voru undir bílnum voru orðin ónýtt og bíðum við nú eftir nýjum beltum undir allan bílinn til landsins ásamt ýmsu öðru sem því tengist.

Upplyfting bátakerrunnar tók enda þegar nýr öxull og önnur dekk á nýjum felgum fóru undir hana.

Níu manns tóku þátt í vinnudeginum og enduðum við hann með grilli og meðlæti um kvöldið ásamt góðu spjalli.

Til fróðleiks.

Árið 2020 tók Tintron þátt í 32. útköllum.

Þau eru eins misjöfn og þau eru mörg en þar má telja :

Vegalokanir, aðstoð við burð á slösuðu fólki, leit að týndum einstaklingum, óveðursaðstoð, leit og björgun í fjalllendi, flutningur lyfja og heilbrigðisstarfsfólks, koma nauðsynjavörum til fólks einsog þurrmjólk til fjögurra mánaða barns í sumarhúsi vegna ófærðar, leit og björgun í ám og vötnum, björgun dýra úr ýmsum aðstæðum og björgun fólks úr föstum bílum við gríðarlega erfiðar aðstæður og veðurskilyrði.

Kveðja

Jóhannes Þ. Guðmundsson

Formaður Hs. Tintron



MUNIÐ AÐALFUNDINN
17. mars 2021 klukkan 20:00.

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is


Girðingar meðfram stofn- og tengivegum í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vegagerðin og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa gert með sér samkomulag um að sveitarfélagið sinni viðhaldi girðinga meðfram stofn- og tengivegum. Þá er lögð sérstök áhersla á girðingar sem búfenaður er hafður á beit við.

Sveitarfélagið og eigandi jarðarinnar sem liggur að veginum gera einnig með sér samkomulag.

Við undirritun samkomulagsins færast réttur sem landeigandi kann að eiga samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma á hendur Vegagerðinni varðandi þátttöku í viðhaldskostnaði girðinga yfir til sveitarfélagsins, sjá nánar núgildandi reglugerð nr. 930/2012 með síðari breytingum, sbr. 52. og 58. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Þeir bændur sem hafa áhuga á að gera slíkt samkomulag við sveitarfélagið er bent á að hafa samband með tölvupósti á netfangið gogg@gogg.is



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is